

Útskrift

úr gerðabók amtsráðs Norðuramtsins

Ár 1907 mánudaginn 10. júní var aðalfundur amtsráðsins í Norðuramntinu settur á Akureyri.

Á fundinum voru mættir, auk hins reglulega forseta Guðl. Guðmundssonar, þessir amtsráðsmenn:

Fyrir Húnavatnssýslu:

hreppstjóri Björn Sigfússon, Kornsó.

Fyrir Skagafjarðarsýslu:

umboðsmaður Ólafur Briem, Álfgaersvöllum.

Fyrir Eyjafjarðarsýslu:

kennari Stefán Stefánsson, Akureyri.

Fyrir Suðurþingeyjarsýslu:

prófastur Árni Jónsson, Skútustöðum.

Kosning amtsráðsmanna og varaamtsráðsmanna hefir farið fram í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu á síðustu aðalfundum sýslunefndanna.

Amtsráðið rannsakaði kosningargerðirnar og fann ekkert við þær að athuga.

Þessi mál komu fyrir fundinn,

1. Forseti lagði fram reikninga fyrir árið 1906.

a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.

b. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.

c. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.

d. Þúsundára afmælisjóðs Eyjafjarðar.

e. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.

f. Bókasafns Norðuramtsins.

g. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri

Amtsráðsmennirnir skiftu með sjer þessum reikningum til endurskoðunar.

2. Forseti lagði fram:

a. Skýrslur um búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal 19⁰⁶/₀₇.

b. Reikning búnaðarskólans á Hólum 1906, með fylgiskjölum.

c. Yfirlit yfir veittan styrk til Hólaskóla 19⁰⁶/₀₇.

Amtsráðsmennirnir skiftu með sjer skjölum þessum til endurskoðunar.

3. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að hann með brjefi til allra sýslumanna í amtinu dags. 26. jan. þ. á. hefði lagt fyrir þá, að senda öll mál frá sýslunefndarfundunum, þar á meðal reikninga sýslanna og alþýðustyrktarsjóðanna, svo og fundargerðir sýslunefndanna beinleiðis til stjórnarráðsins, þar sem amtsráðið eigi hefði nein afskipti af þeim málum frekar.

Amtsráðið var þessu samþykkt.

Að því er snertir aukafundargerðir sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu 2. júlí f. á. og Suðurþingeyjarsýslu þann 7. júlí f. á., telur amtsráðið rjett að senda þær fundargerðir og til stjórnarráðsins.

4. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu 25. mars þ. á. ásamt útdrætti úr sýslunefndargerð 11—16 mars 1907, þar sem sýslunefndin fer fram á að fá útborgaðan 1500 kr. styrk til byggingar sjúkraskýlis samkvæmt ályktun amtsráðsins 1906.

Amtsráðið tekur það fram, að það, eins og ályktanir þess á fyrra árs fundi bera vott um, álytur brýna þörf á slikri styrkveiting, og telur amtsráðið sjálfsagt, að styrkur þessi verði borgaður út þegar greitt er úr landssjóði andvirði Hólabúsins, og lítur amtsráðið svo á, að þessari skuldbinding amtsráðsins sje landsjóður skyldur, hvað sem öðru líður, að fullnægja, svo sem hverri annari skuld, er á amtinu hvílir í heild sinni.

5. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanni Suðurþingeyjarsýslu 4. apríl 1907 ásamt útdrætti úr sýslufundargerð 4—6 mars 1907 viðvikjandi 1500 kr. styrk til að koma upp sjúkraskýli á Húsavík. Ennfremur var framlagt brjef frá hjeradslækni í Höfðahverfishjæraði 1. þ. m. snertandi fyrirhugað sjúkraskýli á Grenivík, er á nokkurn samskotasjóð.

Að því er snertir fyrirheit amtsráðsins um styrk 1500 kr. til sjúkraskýlis í Suðurþingeyjarsýslu, tekur amtsráðið samhljóða ályktun eins og um næsta mál á undan.

Amtsráðinu var, þegar það gerði ályktanir sínar um þetta efni, kunnugt um samskotasjóð þann, er myndast hefir til að koma upp sjúkraskýli við Grenivík og fjárveitingunni 1000 kr. hefir verið heitið til þess sjúkraskýlis.

Ályktun amtsráðsins 1906 er, á líkan hátt og ályktuninni 1904, miðuð við þessi samskot, en að öðruleyti verður það að vera á valdi sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu, hvernig varið skuli 500 kr. af hinum fyrirheitna styrk.

6. Framlögð var beiðni frá sýslunefnd Húnavatnssýslu á fundi 11—16. mars þ. á. um 100 kr. styrk til að koma upp sýslubókasafni.

Amtsráðið samþykkti að borga út þennan styrk.

7. Framlagt var brjef frá »Fundafjelagi Eyfirðinga« 16. f. m. þess efnis, að amtsráðið gangist fyrir stofnun kynbótabús fyrir sauðfje í Norðlendingafjórðungi og verji til þess búinu á Hólum í Hjaltadal. Amtsráðið vísaði máli þessu til »Búnaðarfjélags Íslands«.

8. Viðvikjandi ráðstöfunum á eignum þeim, er amtinn tilheyrar, tók amtsráðið þessar ályktanir:

a. Um bókasafn Norðuramtsins og bókasafnsstofuna hefir amtsráðið þegar tekið endanlegar ályktanir og hefir Akureyrarkaupstaður nú tekið að sjer bókasafnið og fullnægt skilyrðum þeim, er amtsráðið hefir sett, svo að amtsráðið telur vel viðunandi.

b. Stjórnartíðindi amtsráðsins 1877—1907 incl. leggur amtsráðið til að verði afhent bókasafni Norðuramtsins.

Embættisskjöl, bækur og peningaskápar verða afhentir stjórnarráðinu til ráðstöfunar.

c. Trjáræktarstöðin á Akureyri:

72

Forseti skýrði frá að hann hefði í brjefi 15. apríl þ. á. borið það undir bæjarstjórn Akureyrar hvort hún vildi taka að sjer trjáræktarstöðina, en ákveðið svar væri eigi komið. Hinsvegar er amtsráðinu það kunnugt, að »Ræktunarfjel. Norðurlands«, mundi fást til að taka að sjer stöðina með sömu skilyrðum og rjettindum eins og amtsráðinu hefir tilheyrt hún. Amtsráðið er því samþykkt, að trjáræktarstöðin verði afhent »Ræktunarfjelagi Norðurlands«, ef bæjarstjórn Akureyrar ekki tekur hana að sjer, og fal forseta nauðsynlegar framkvæmdir í því efni.

9. Stjórn sjóðs þeirra, er nú eru í umsjón amtsráðsins, leggur amtsráðið til að verði ráðstafað þannig:

a. Prentsmiðjusjóður Norðuramtsins.

b. Þúsundára afmælisjóður Eyjafjarðarsýslu.

Þessum sjóðum stjórn sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, undir eftirliti af stjórnarinnar hálfu.

c. Styrktarsjóður ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.

d. Styrktarsjóður Jóhannesar Kristjánssonar!

Eftirlit það með stjórn þessara sjóða, er nú hvílir á amtsráðinu, hverfi undir stjórnarráðið.

e. Búnaðarsjóður Norðuramtsins.

Viðvíkjandi þessum sjóði og ráðstöfun hans í framtíð lagði forseti fram brjef frá »Ræktunarfjelagi Norðurlands« dags. 5. mars þ. á. þar sem fjelagið fer fram á að fá sjóð þennan til umráða, og brjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu 25. mars þ. á. ásamt útdrætti úr fundargerð sýslunefndarinnar 11—16 mars. þ. á., þar sem nefndin fer fram á, að sjóði þessum verði skift milli sýslnanna.

Amtsráðið samþykkti að fela »Ræktunarfjelagi Norðurlands« stjórn sjóðsins eftirleiddis. Vöxtum sjóðsins skal árlega verja til efiingar búnaði í Norðuramtinu, en höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Sjóðnum skal fjelagið stjórna eftir reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir.

10. Þá voru lagðir fram aftur hinir að framan undir tölul. 1 töldu reikningar endurskoðaðir af amtsráðsmönnum:

1. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.

Samþykktur án athugasemda.

2. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins:

Samþykktur án athugasemda.

3. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins:

Samþykktur án athugasemda.

4. Þúsund ára afmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu:

Samþykktur án athugasemda.

5. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri:

Samþykktur án athugasemda.

6. Bókasafns Norðuramtsins:
Samþykktur án athugasemda.
7. Styrktarsjóðs fátækra ekna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri:
Samþykktur án athugasemda.
11. Þá voru framlagðir aftur þessir reikningar endurskoðaðir af amtsráðsmönnum:
1. Reikningur búnaðarskólans á Hólum 1906 og var hann samþykktur án athugasemda.
 2. Yfirlit yfir styrk veittan úr landssjóði til Hólaskóla 1906/07, er var samþykkt án athugasemda, og
 3. Yfirlit yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum frá 1. jan. til 30. apr. 1907, samþykkt án athugasemda.
12. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að hann hefði af vöxtum prentsmiðjusjóðs útlutað styrk til 2 gagnfræðanema eftir tillögum skólustjóra gagnfræðaskólans, og 2 námsmeyja eftir tillögum forstöðukonu kvennaskóla Eyfirðinga.
13. Reikningur dómkirkjunnar á Hólum fyrir 1906/07 er eigi kominn og var forseta falið að endurskoða hann og úrskurða.
14. Amtsráðið samþykkti að láta prenta skýrslu um búnaðarskólann á Hólum 1906/07 og var forseta falið í samráði við skólustjóra að undirbúa skýrsluna til prentunar.
15. Amtsráðið tók þá til umræðu og ályktunar hina fyrirhuguðu afhending búnaðarskólans á Hólum.

Skuldir þær, er nú hvíla á þessari stofnun eru:

1. Við ræktunarsjóð eftir skuldabryffi 21. júní 1895	kr.	15739	22
2. Við landsjóð eftir skuldabryffi 22. sept. 1902	—	2562	20
	kr.	18301	42

Eigur þær, er telja má að tilheyri skólastofnuninni, sem sje jörðin Hólar með hjáleigunni Hofi, skólahús, kenslu- og heimavistaráhöld hafa 1906 verið metin yfir 40000 kr. virði.

Amtsráðið vill afhenda landsstjórninni skólann með þessum eignum og skuldum en álitur aftur á móti, að búið, sem á Hólum er, og hefir verið selt ábúandunum á leigu með rjetti fyrir ábúandann til að kaupa það, alt í einu eða smátt og smátt sje skólastofnuninni sem slikri með öllu óviðkomandi.

Búið á Hólum með öllu því lausafje er því tilheyrir telur því amtsráðið eign jafnaðarsjóðs, fráskilda skólanum síðan 1901, að skólanum var breytt í bóklegan vetrarskóla.

Útaf þessu hefir risið ágreiningur við stjórnarráðið nú á síðastliðnum vetri og hefir stjórnarráðið eigi viljað aðhyllast þessa skoðun amtsráðsins, nje taka við skólanum þessu samkvæmt.

Þann 17. marz 1906 skrifaði forseti amtsráðsins stjórnarráðinu fyrst um þetta efni og er í því bryffi meðal annars komist svo að orði: »En bú það, er á skólajörðinni er nú, og annað lausafje því tilheyrandi, er eign jafnaðarsjóðs og stendur í raun og veru ekki í neinu sambandi við skólastofnunina

72

sem slíka.« — »Hins vegar tel jeg það sjálfsagt, að matsgerð fari fram á búinu og að landssjóði sje gerður kostur á að kaupa búíð eins og það verður metið að svo miklu leyti leiguliðinn eigi neytir forkaupsrjettar síns eftir byggingarbrjefinu.« —

Með brjefi 9. apríl 1906 skýrði stjórnarráðið svo forseta frá, sem svar upp á þetta brjef, að afhending skólans færi eigi fram fyrri en í fardögum 1907, án þess að minnst væri á hið umgetna atriði, sem ágreiningsmál.

Mál þetta var svo lagt fyrir amtsráðið á síðasta fundi þess og er álit þess prentað í fundurgerðinni Stj.tíð. 1906, B. bls. 205. Með símskeyti 6. marz 1907 tilkynnti svo forseti stjórnarráðinu, að búíð á Hólum yrði ekki afhent með skólanum en stjórnarráðið svaraði því samdægurs á þann veg, að það eftir 8. gr. laganna um bændaskóla teldi amtsráðið skyldugt til að afhenda búíð án endurgjalds.

Eftir að forseti hafði gegnum talsmann borið mál þetta undir amtsráðsmenn þá, er til varð náð, var kvatt til talsmaviðtals við stjórnarráðið hið sama kvöld og tóku þátt í því, ráðherra og landritari af stjórnarráðsins hálfu og amtsráðsmenn Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Suðurþingeyjarsýslu, ásamt forseta af amtsráðsins hálfu, en til amtsráðsmanns Húnavatnssýslu varð eigi náð í svo skjótri svipan. Var þá munnlega samið um afhending skólans

Síðan hefir málefni þetta verið borið undir aðalfundi allra sýslunefnda í amtinu, og hafa þær tjáð sig skoðun amtsráðsins á málinu samdóma, en falið amtsráðinu að ráða fram úr því á sem heppilegastan og tryggilegastan hátt fyrir amtið.

Ályktanir allra sýslunefnda um málið voru lagðar fyrir amtsráðið.

Samkvæmt því, sem um hefir samist við stjórnarráðið, og með hliðsjón af tillögum sýslunefndanna ályktaði því amtsráðið að afhenda búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal landsstjórninni með þeim skyldum, er á stofnun þessari hvíla, og með þeim eignum, er amtsráðið, svo sem fram er tekið, telur tilheyra skólanum, alt samkvæmt lögum um bændaskóla. Ennfremur ályktaði amtsráðið að selja landssjórninni í hendur búíð á Hólum, en ályktaði jafnframt að krefjast þess af fjárveitingarvaldinu, að það greiddi amtinu fult endurgjald úr landsjóði fyrir búíð, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, er þegar eru tilnefndir og ætlast er til að framkvæmi matsgerð sína jafnhliða afhending búins.

Skyldi svo fara, að fjárveitingarvaldið eigi vildi sinna þessari endurgjaldskröfu fyrir búíð svo að amtsráðið telji viðunandi, áskilur amtsráðið að skólastofnunin í heild sinni og búíð á Hólum verði af landsstjórninni aftur afhent amtinu í jafngóðu standi og með sömu skyldum og rjettindum, eins og amtsráðið nú afhendir landsstjórninni ef krafa um það kemur fram frá amtsráðinu eða meirihluta sýslunefndanna í amtinu fyrir fardaga 1908.

Amtsráðið fal umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum að mæta fyrir sína hönd við afhendinguna og matsgerðina.

16. Reikning jafnaðarsjóðs fyrir yfirstandandi ár fal amtsráðið amtsráðsmönnum Eyjafjarðarsýslu og Suðurþingeyjarsýslu að endurskoða og úrskurða. Væntanlegum eftirstöðvum jafnaðarsjóðs ákvað amtsráðið að skifta skyldi milli sýslanna eftir sama mælikvarða eins og jafnaðarsjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár hefir verið jafnað niður á sýslurnar. 72

Fleiri mál voru ekki borin upp á fundinum.

Gjörðabók lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Guðl. Guðmundsson.

Árni Jónsson.

Stefán Stefánsson.

Björn Sigfússon.

Ólafur Briem.

Rjetta útskrift staðfestir:

Forseti amtsráðs Norðuramtsins 20. júní 1907.

Guðl. Guðmundsson.

Reikningur

73

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1906.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1805:			
a. Í Landsbankanum	kr.	1788	55
b. Oendurgoldin fyrirframborgun	—	9	»
c. Í peningum	—	107	26
	kr.	1904	81
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	5700	»
3. Vextir af bankainnlögum til 11. desbr. 1906	—	63	56
4. Endurgoldið uppi fyrirframborgun	—	8	09
	—	7676	46

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	1076	00
2. 12. afborgun uppi og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	241	31
3. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1906—1907, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	kr.	840	00
4. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1906—1907, samkvæmt ályktun amtráðsins á fundi þess 25.—26.júní 1906	—	3500	00
	kr.	4340	00
	Flyt: kr.	5657	31